

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 14

10. árgangur

13.3.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/14/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 86/02/COL frá 24. maí 2002 um uppfærslu á aðlögunartextanum í 39. lið í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og afurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 325/99/COL frá 16. desember 1999	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/14/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3083 – GE/Instrumentarium)	6
2003/EES/14/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3100-Mediaset/Telecinco/Publiespaña)	7
2003/EES/14/04		Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni - Mál nr. COMP/D3/A38576	8
2003/EES/14/05		Breytingar franskra stjórnvalda á áætlunarflugi í Frakklandi samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu	9

2003/EES/14/06	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug milli St Briec-Armor og Parísar (Orlý)	9
----------------	--	---

2003/EES/14/07	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	10
----------------	---	----

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 86/02/COL

2003/EES/14/01

frá 24. maí 2002

um uppfærslu á aðlögunartextanum í 39. lið í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og afurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 325/99/COL frá 16. desember 1999

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af 1. og 3. lið B-þáttar í 4. mgr. og b-lið 5. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.4 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um meginreglur um skipulag heilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 97/78/EB), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn og aðlögun á tilteknum sviðum við I. viðauka við sama samning, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (tilskipun ráðsins 91/496/EBE), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn og aðlögun á tilteknum sviðum við I. viðauka við sama samning, einkum 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ákvörðun nr. 325/99/COL frá 16. desember 1999 er að finna skrá frá Eftirlitsstofnun EFTA um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í náinni samvinnu við framkvæmdastjórn EB (hér á eftir kölluð „framkvæmdastjórnin“) og lögbær yfirvöld á Íslandi og í Noregi, skoðað allar skoðunarstöðvar á landamærum sem taldar eru upp í ákvörðun nr. 325/99/COL.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2001 frá 28. september 2001 komu aðilarnir að EES-samningnum, sbr. 3. lið B-hluta 4. mgr. í I. viðauka (Dýr), sér saman um að framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA skyldu skipuleggja sameiginlegar eftirlitsheimsóknir til að semja sameiginleg tilmæli vegna ákvarðana sem vísað er til í öðrum undirlit b-liðar 5. mgr. í I. viðauka samningsins.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2001 frá 28. september 2001 létu aðilarnir að EES-samningnum, að teknu tilliti til tilmæla í kjölfar sameiginlegra eftirlitsheimsókna af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar, nýjan aðlögunartexta koma í stað textans í 39. lið (*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB*) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Af þessum sökum ber að fella úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 325/99/COL frá 16. desember 1996 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum.

Íslensk stjórnvöld hafa farið fram á við Eftirlitsstofnun EFTA að bæta landamæraskoðunarstöðvunum í höfninni á Húsavík, höfninni í Njarðvík, höfninni á Siglufirði og höfninni í Þorlákshöfn við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum.

Norsk stjórnvöld hafa farið fram á við Eftirlitsstofnun EFTA að bæta landamæraskoðunarstöðinni í höfninni í Måløy við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum.

Að auki er landamæraskoðunarstöðvunum í höfninni á Húsavík, höfninni í Njarðvík, höfninni á Siglufirði og höfninni í Þorlákshöfn, Íslandi, og landamæraskoðunarstöðinni í höfninni í Måløy, Noregi, bætt við skrána yfir skoðunarstöðvarnar sem taldar eru upp í viðauka við þessa ákvörðun samkvæmt sameiginlegum tilmælum (skjal nr. 02-02893-A og 02-02898-A) í kjölfar sameiginlegra eftirlitsheimsókna eftirlitsmanna frá Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórninni í samræmi við 3. lið B-hluta 4. mgr. í inngangsorðum I. viðauka við EES-samninginn.

Á grundvelli frumkvæðis framkvæmdastjórnarinnar og sameiginlegra tilmæla eftirlitsmanna frá Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórninni (skjal nr. 02-03928-A og skjal nr. 02-3929-A) hefur eftirlitsmiðstöðin í Kirkeneshöfn verið gerð að landamæraskoðunarstöð.

Að beiðni íslenskra og norskra stjórnvalda hafa ýmsar breytingar verið gerðar á einstökum atriðum í upptalningu skoðunarstöðva á landamærum í aðlögunartexta 39. liðar (*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB*) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Eftirlitsstöðvar hafa verið skráðar á sama hátt og eftirlitsmiðstöðvarnar í Evrópusambandinu í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB frá 7. desember 2001 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar.

Með ákvörðunum 60/02/COL og 85/02/COL vísaði Eftirlitsstofnun EFTA málinu til EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum sem fluttar eru til Íslands og Noregs frá þriðju löndum skal framkvæmt af þar til bærum innlendum yfirvöldum í viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við þessa ákvörðun.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 325/99/COL frá 16. desember 1999 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum er hér með felld úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. maí 2002.
4. Ákvörðun þessari er beint til Íslands og Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 24. maí 2002

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull
forseti

Bernd Hammermann
stjórnarmaður

*Viðauki***Skrá yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum**

- 1 = Nafn**
- 2 = Animo-kóði**
- 3 = Gerð**
 - A = Flugvöllur
 - F = Járabraut
 - P = Höfn
 - R = Vegur
- 4 = Skoðunarstöð**
- 5 = Afurðir**
 - HC = Allar afurðir til manneldis
 - NHC = Aðrar afurðir
 - NT = Engar kröfur um hitastig
 - T = Frystar/kældar afurðir
 - T(FR) = Frystar afurðir
 - T(CH) = Kældar afurðir
- 6 = Lifandi dýr**
 - U = Hófdýr: nautgripir, svín, kindur, geitur, villt og tamin einhófa húsdýr
 - E = Skráð dýr af þeirri ætt hesta sem er skilgreind í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
 - O = Önnur dýr
- 5-6 = Sérstakar athugasemdir**
 - (1) = Eftirlit í samræmi við skilyrði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem tekin er á grundvelli 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
 - (2) = Eingöngu pakkaðar afurðir
 - (3) = Eingöngu fiskafurðir
 - (4) = Eingöngu dýrapróttín
 - (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
 - (6) = Eingöngu hálmur og hey
 - (8) = Eingöngu sæði og fósturvísar
 - (9) = Eingöngu ull
 - (10) = Íslenskir smáhestar (eingöngu frá apríl til október)
 - (11) = Eingöngu svín frá Kýpur
 - (12) = Eingöngu frá Möltu
 - (13) = Eingöngu dýr af hestakyni
 - (14) = Eingöngu hitabeltisfiskar
 - (15) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskur, skriðdýr og aðrir fuglar en strútar
 - (16) = Eingöngu dýr í dýragarða
 - (17) = Eingöngu fôður í lausri vigt
 - (18) = Eingöngu frá Ungverjalandi
 - (19) = Dýr til fiskeldis
 - (20) = Eingöngu fiskimjöl (þar með talið fiskifóður)

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	1700499	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(20)	
Eskifjörður	1700599	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Hafnarfjörður	1700299	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(20)	
Húsavík	1701399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	1700399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	1700799	A		HC(1)(2)(3)	O(19)
Njarðvík	1701999	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-NT(20)	
Reykjavík	1700199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(20)	
Siglufjörður	1702199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Þorlákshöfn	1701899	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	

Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	1501499	P		HC, NHC	E(10)
Båtsfjord	1501199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Hammerfest	1501099	P	Alta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Leirvika	HC-T(1)(2)(3)	
			Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	1501799	P	Honningsvåg	HC-T(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	1502199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Kristiansund	1500299	P	Bud	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Harøysund	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Måløy	1500599	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Moldøen	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Oslo	1500199	P		HC, NHC	
Oslo	1501399	A		HC, NHC	U,E,O
Skjervøy	1502099	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Sortland	1501699	P	Andenes	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Stavanger	1500399	P	Tananger	NHC (20)	
Storskog	1501299	R		HC, NHC	U,E,O

1	2	3	4	5	6
Tromsø	1500999	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Dåfjord	HC-T(1)(2)(3)	
			Kaldfjord	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Lenangen	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Senjahopen	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Vannøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Trondheim	1500799	P		HC-T(1)(2)(3)	
Vadsø	1501599	P	Svartnes	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Vadsø	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	1500699	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Gangstøvika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3083 – GE/Instrumentarium)**

2003/EES/14/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 28.2.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, full yfirráð yfir finnska fyrirtækinu Instrumentarium Oyj („Instrumentarium“) með yfirtökuboði sem var auglýst 18. desember 2002.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: fyrirtæki sem starfar á ýmsum sviðum framleiðslu, tækni og þjónustu, m.a. í tengslum við lækningatæki. GE Medical Systems sérhæfir sig í myndhermitækjum til að greina sjúkdóma, þ.m.t. búnaði til að hafa eftirlit með sjúklingum, og tengdri þjónustu og heilsuvörum,
 - Instrumentarium: þróun, framleiðsla og sala á lækningatækjum, svæfingar- og gjörgæslutækniþúnaði, m.a. búnaði til að hafa eftirlit með sjúklingum og svæfingarvélum undir heitunum Datex-Ohmeda og Spacelabs Medical.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 54, 8.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til COMP/M.3083 – GE/Instrumentarium, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3100-Mediaset/Telecinco/Publiespaña)**

2003/EES/14/03

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28.2.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Mediaset S.p.A. („Mediaset“, Ítalíu), sem er eignarhaldsfélag fyrirtækjasamsteypu sem tilheyrir ítölsku samstæðunni Fininvest, öðlast með kaupum á hlutabréfum og í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, full yfirráð yfir spænsku fyrirtækjunum Gestevisión Telecinco, S.A. (Telecinco) og Publiespaña S.A. (Publiespaña) sem það á þegar eignarhluti í, en án ráðandi ítaka.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mediaset: opið sjónvarp, áskriftarsjónvarp, auglýsingar, framleiðsla á sjónvarpsefni, fjarskipti og Netstarfsemi;
 - Telecinco: opið sjónvarp, framleiðsla á sjónvarpsefni, kvikmyndaframleiðsla, -dreifing og -sýningar, tónlistarútgáfa, textun myndefnis, starfsemi í tengslum við fréttastofur,
 - Publiespaña: auglýsingar.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 57, 12.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3100-Mediaset/Telecinco/Publiespaña, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni -
Mál nr. COMP/D3/A38576****2003/EES/14/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. nóvember 2002 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 ⁽¹⁾ um samninga milli S.A. Auchan og S.A. Casino um stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni undir heitinu International Retail and Trade Services (IRTS). Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið verður með höfuðstöðvar í Genf.
2. Samkvæmt tilkynningunni mun stofnsetning IRTS ekki hafa áhrif á viðskiptastarfsemi fyrirtækjanna á síðari sölustigum, þ.e. smásölu. Samstarf þeirra mun takmarkast við útvegum á þjónustu á fyrri stigum, þ.e. við útvegum á vöru. Hlutverk IRTS verður einkum:
 - að koma á ýmis konar þjónustu fyrir alþjóðlega birgja, svo sem varðandi söfnun og vinnslu á upplýsingum um vörusölu og þróun á markaðshlut birgja á alþjóðavettvangi, starfsemi sem felst í að markaðssetja nýjar vörur, að annast alþjóðlegar auglýsingaherferðir, að auðvelda viðskiptatengsl milli birgja og ýmissa landa þar sem varan er seld, með því að koma á einum tengilið fyrir millilandaþjónustu;
 - að stuðla að alþjóðavæðingu lítilla fyrirtækja með því að auðvelda þeim aðgang að útflutningsmörkuðum (ráðgjöf, aðgangur að neti Auchan og Casinos yfir sölustaði) og að finna nýja birgja;
 - að hamla gegn óréttmætum verðmismun sem leiðir af alþjóðlegri skiptingu markaða;
 - að koma í veg fyrir að stórir birgjar (skráðir sérstaklega) stundi óréttmæta mismun sem skaða samningsaðila án þess að það hafi í för með sér miðlun upplýsinga til dótturfyrirtækja og innanlandsdeilda Auchan og Casino.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynnt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samninga á framfæri við sig.
5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan 10 daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 54, 8.3.2003 með tilvísun til máls COMP/D3/A38576. Þær má senda með tölvupósti (Sandra.De-Waele@cec.eu.int) eða pósti, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Anti-trust Registry
Rue Joseph II/Josef I straat 70
B-1049 Bruxelles

⁽¹⁾ Stjtið EB 13, 21.2.1962, bls. 204.

Breytingar franskra stjórnvalda á áætlunarflugi í Frakklandi samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu**2003/EES/14/05**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta áætlunarflugi milli St Briec og Parísar (Orlý) samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 23, 28.1.1999 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽¹⁾.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 53, 7.3.2003.

Áætlunarflug**2003/EES/14/06****Útboðslýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug milli St Briec-Armor og Parísar (Orlý)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽¹⁾ hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu milli St Briec - Armor og Parísar (Orlý). Skilyrðin fyrir rekstri þessa áætlunarflugs voru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 53, 7.3.2003.

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á milli St Briec-Armor og Parísar (Orlý), í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, hinn 7. maí 2003, og án þess að fara fram á bætur, hefur Frakkland ákveðið, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, að takmarka aðgang að leiðinni við eitt flugfélag og bjóða réttinn til þess að veita þessa þjónustu, frá 7. júní 2003, út í almennu útboði.

Öll útboðsgögn, ásamt reglum um tilhögun útboðsins, og framsalssamningur ásamt tæknilegum viðauka við hann (texti varðandi skyldur um áætlunarflug sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) fást að kostnaðarlausu hjá:

Conseil Général des Côtes d'Armor
Direction des Infrastructures et des Transports
Service des Transports
3, Place du Général de Gaulle – BP 2373
F-22023 Saint-Briec Cedex 1

Sími: 33 (0)2.96.62.62.79.

Bréfasími: 33 (0)2.96.61.48.16

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti, og afhendist gegn kvittun fyrir móttöku, og gildir pósthimpill sem skiladagur, eða boðsend gegn kvittun fyrir móttöku eigi síðar en fimm vikum frá birtingu þessarar útboðslýsingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 54, 8.3.2003, fyrir kl. 17.00 að staðartíma, á fyrrnefnt heimilisfang.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

2003/EES/14/07

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
2003/0060/GR	Ákvörðun Yfirefnaráðsins (grísk eftirlitsstofnun, skammstöfuð A.X.S.) nr. 467/2002 – forskriftir og prófunaraðferðir fyrir olíu til húshatunar.	19.05.2003
2003/0061/GR	Ákvörðun Yfirefnaráðsins (grísk eftirlitsstofnun, skammstöfuð A.X.S.) nr. 468/2002 – litun og merking á olíu til húshatunar.	19.05.2003
2003/0062/GR	Ákvörðun Yfirefnaráðsins (grísk eftirlitsstofnun, skammstöfuð A.X.S.) nr. 469/2002 – forskriftir og prófunaraðferðir fyrir steinolíu til húshatunar.	19.05.2003
2003/0063/NL	Tilskipun um sölu á tóbaki í fangelsisbyggingum.	20.05.2003
2003/0064/I	Tilskipun um aðferðir við mælingu á mengandi útblæstri frá vélknúnum ökutækjum við reglulega bifreiðaskoðun.	21.05.2003
2003/0065/F	Ákvörðun um reglur varðandi góðar starfsvenjur við framleiðslu, þökkun, varðveislu, innflutning, flutning og dreifingu á hliðstæðum meðferðarvörum.	21.05.2003
2003/0066/F	Úrskurður um skilyrði sem sett eru fyrir leyfi til að markaðssetja hliðstæðar meðferðarvörur.	21.05.2003
2003/0068/E	Drög að ákvörðun um viðurkenningu á staðli frá vegagerðinni, 6.1. IC. Slitlagsfletir á vegum.	22.05.2003

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

⁽²⁾ Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykka drög.

⁽³⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarríkið bar fyrir sig.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirlið annarrar málsgreinar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

⁽⁵⁾ Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EBE) á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstóli og að dómstólnum bæri skylda til að neita að beita innlendri tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna sem eru taldar upp hér að aftan.

**SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST UMSÝSLU VEGNA
TILSKIPUNAR 98/34/EB**

BELGÍA

Institut belge de normalisation/Belgisch Instituut voor Normalisatie
Avenue de la Brabançonne/Brabançonnelaan 29
B-1040 Brussels

Me Hombert
Sími: (32-2) 738 01 10
Bréfasími: (32-2) 733 42 64
X400:O=GW;P=CEC;A=RTT;C=BE;DDA:RFC-822=CIBELNOR(A)IBN.BE
Tölvupóstfang: cibelnor@ibn.be

Me Descamps
Sími: (32 2) 206 46 89
Bréfasími: (32 2) 206 57 45
Tölvupóstfang: normtech@popost.eunet.be

DANMÖRK

Erhvervsfremme Styrelsen
Dahlerups Pakhus
Lagelinie Allé 17
DK-2100 København Ø

Hr. Keld Dybkjær
Sími: (45) 35 46 62 85
Bréfasími: (45) 35 46 62 03
X400:C=DK;A=DK400;P=EFS;S=DYBKJAER;G=KELD
Tölvupóstfang: kd@efs.dk

ÞÝSKALAND

Bundesministerium für Wirtschaft und Technologie
Referat V D 2
Villnomblerstraße 76
D-53123 Bonn

Herr Shirmer
Sími: (49 228) 615 43 98
Bréfasími: (49 228) 615 20 56
X400:C=DE;A=BUND400;P=BMWI;O=BONN1;S=SHIRMER
Tölvupóstfang: Shirmer@BMWI.Bund400.de

GRIKKLAND

Ministry of Development
General Secretariat of Industry
Michalacopoulou 80
GR-115 28 Athens
Sími: (30 1) 778 17 31
Bréfasími: (30 1) 779 88 90

ELOT

Acharnon 313
GR-11145 Athens

Mr. E. Melagrakis
Sími: (30 1) 212 03 00
Bréfasími: (30 1) 228 62 19
Tölvupóstfang: 83189@elot.gr

SPÁNN

Ministerio de Asuntos Exteriores
Secretaría de Estado de política exterior y para la Unión Europea
Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y otras Políticas Comunitarias
Subdirección general de asuntos industriales, energeticos, transportes, comunicaciones y medio ambiente
c/Padilla 46, Planta 2 a , Despacho 6276
E-28006 Madrid

Mrs. Nieves García Pérez
Sími: (34-91) 379 83 32

Mrs. María Ángeles Martínez Álvarez
Sími: (34-91) 379 84 64
Bréfasími: (34-91) 575 56 29/575 86 01/431 55 51
X400:C=ES;A=400NET;P=MAE;O=SEPEUE;S=D83-189

FRAKKLAND

Délégation interministérielle aux normes
SQUALPI
64-70, alle de Bercy-télédoc 811
F-75574 Paris Cedex 12

Me S. Piau
Sími: (33 1) 53 44 97 04
Bréfasími: (33 1) 53 44 98 88
Tölvupóstfang: suzanne.piau@industrie.gouv.fr

ÍRLAND

NSAI
Glasnevin
Dublin 9
Ireland

Mr. Owen Byrne
Sími: (353 1) 807 38 66
Bréfasími: (353 1) 807 38 38
X400:C=IE;A=EIRMAIL400;P=NRN;O=NSAI;S=BYRNEO
Tölvupóstfang: byrneo@nsai.ie

ÍTALÍA

Ministero dell'Industria, del commercio e dell'artigianato
via Molise 2
I-00100 Roma

Mr. P. Cavanna
Sími: (39 06) 47 88 78 60
X400:C=IT;A=MASTER400;P=GDS;OU1=M.I.C.A-ISPIND;
DDA:CLASSE=IPM;DDA:ID-NODO=BF9RM001;S=PAOLO
CAVANNA

Mr. E. Castiglioni
Sími: (39 06) 47 05 30 69/47 05 26 69
Bréfasími: (39 06) 47 88 77 48
Tölvupóstfang: Castiglioni@minindustria.it

LÚXEMBOURG

SEE — Service de l'Énergie de l'État
34, avenue de la Porte-Neuve BP 10
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann
Sími: (352) 46 97 46 1
Bréfasími: (352) 22 25 24
Tölvupóstfang: jean-paul.hoffmann@eg.etat.lu

HOLLAND

Ministerie van Financiën — Belastingdienst — Douane
Centrale Dienst voor In- en uitvoer (CDIU)
Engelse Kamp 2
Postbus 30003
9700 RD Groningen
Nederland

Mh. IJ. G. van der Heide
Sími: (31 50) 523 91 78
Bréfasími: (31 50) 523 92 19

Mv. H. Boekema
Sími: (31 50) 523 92 75
Tölvupóstfang: X400:C=NL;A=400NET;P=CDIU;OU1=CDIU;S=
=NOTIF

AUSTURRÍKI

Bundesministerium für wirtschaftliche Angelegenheiten
Abt. II/1
Stubenring 1
A-1011 Wien

Frau Haslinger-Fenzl
Sími: (43 1) 711 00 55 22/711 00 54 53
Bréfasími: (43 1) 715 96 51
X400:S=HASLINGER;G=MARIA;O=BMW;P=BMW;
A=GV;C=AT
Tölvupóstfang: maria.haslinger@bmw.gv.at
X400:C=AT;A=GV;P=BMW;O=BMW;OU=TB;S=POST

PORTÚGAL

Instituto português da Qualidade
Rua C à Avenida dos Três vales
P-2825 Monte da Caparica

Mrs. Cândida Pires
Sími: (351 1) 294 81 00
Bréfasími: (351 1) 294 81 32
X400:C=PT;A=MAILPAC;P=GTW-MS;O=IPQ;OU1=IPQM
;S=DIR83189

FINNLAND

Kauppa- ja teollisuusministeriö
Ministry of Trade and Industry
Aleksanterinkatu 4
PL 230 (P.O. Box 230)
FIN-00171 Helsinki

Mr. Petri Kuurma
Sími: (358 9) 160 36 27
Bréfasími: (358 9) 160 40 22
Tölvupóstfang: petri.kuurma@ktm.vn.fi
Vefsetur: <http://www.vn.fi/ktm/index.html>
X400:C=FI;A=MAILNET;P=VN;O=KTM;S=TEKNISET;
G=MAARAYKSET

SVÍÐJÓÐ

Kommerskollegium
(National Board of Trade)
Box 6803
S-11386 Stockholm

Mrs. Kerstin Carlsson
Sími: (46) 86 90 48 00
Bréfasími: (46) 86 90 48 40
Tölvupóstfang: kerstin.carlsson@kommers.se
X400:C=SE;A=400NET;O=KOMKOLL;S=NAT NOT POINT
Vefsetur: <http://www.kommers.se>

BRESKA KONUNGRÍKID

Department of Trade and Industry
Standards and Technical Regulations Directorate 2
Bay 327
151 Buckingham Palace Road
London SW 1 W 9SS
United Kingdom

Mrs. Brenda O'Grady
Sími: (44) 17 12 15 14 88
Bréfasími: (44) 17 12 15 15 29
X400:S=TI, G=83189, O=DTI, OU1=TIDV, P=HMG DTI,
A=Gold 400,
C=GB
Tölvupóstfang: uk98-34@gtnet.gov.uk
Vefsetur: <http://www.dti.gov.uk/strd>

EFTA – ESA

Efirlitsstofnun EFTA (DRAFTTECHREGESA)

Rue de Trèves 74

1040 Bruxelles

Sími: + 32 2 286 1811

Bréfasími: +32 2 286 1800

Tölvupóstfang: DRAFTTECHREGESA @surv.efta.be